

## Niðurstöður aðalfundar Haga hf.

Meðfylgjandi má sjá niðurstöður aðalfundar Haga hf. sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica (VOX club) þann 4. júní 2015. Fundurinn hófst kl. 09:12. Tillögur fundarins voru samþykktar svohljóðandi:

### 1) Ársreikningur (dagskrárliður 2)

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda var lagður fram og samþykktur samhljóða.

### 2) Ráðstöfun hagnaðar (dagskrárliður 3)

Tillaga stjórnar Haga hf. um greiðslu arðs sem nemur 1,70 krónu á hlut var samþykkt samhljóða. Arðsréttindadagur verður 8. júní 2015, arðleysisdagur 5. júní 2015 og útborgunardagur 25. júní 2015.

### 3) Breyting á samþykktum félagsins (dagskrárliður 4)

Tillaga stjórnar Haga hf. um breytingu á grein 7 í samþykktum félagsins var lögð fram og samþykkt samhljóða. Auk þess var breytingartillaga Gildis-lífeyrissjóðs um sömu grein samþykktanna lögð fram og hún samþykkt samhljóða. Grein 7 hljóðar nú svo breytt:

*Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10%. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálf. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Slíka heimild má ákveða með einföldum meiri hluta atkvæða hluthafafundar. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé, sem í gildi kann að vera á hverjum tíma, skal tiltekin í þessari grein samþykktanna, með þeim skilyrðum sem hluthafafundur ákveður. Heimild til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en átján mánaða hverju sinni.*

### 4) Þóknun til stjórnarmanna (dagskrárliður 5)

Tillaga stjórnar Haga hf. um óbreytt laun stjórnarmanna, þ.e. stjórnarformaður fær greitt kr. 500.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 250.000,- á mánuði var samþykkt samhljóða. Auk þess var samþykkt samhljóða tillaga stjórnar um óbreytt laun í undirnefndum stjórnar, þ.e. formaður fær greitt kr. 140.000,- á mánuði og nefndarmenn kr. 70.000,- á mánuði.

### 5) Starfskjarastefna (dagskrárliður 6)

Fyrir fundinum lá tillaga að starfskjarastefnu félagsins ásamt tveimur breytingartillögum frá Gildi-lífeyrissjóð. Tillaga stjórnar og breytingartillögur Gildis-lífeyrissjóðs voru samþykktar samhljóða. Samþykktu starfskjarastefnu má finna meðfylgjandi.

**6) Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda (dagskrárliður 7)**

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969
- Kristín Friðgeirsdóttir, kt. 090871-5369
- Salvör Nordal, kt. 211162-5119
- Sigurður Arnar Sigurðsson, kt. 090164-2529
- Stefán Árni Auðólfsson, kt. 210772-4729

Fimm framboð bárust og var því sjálfkjörið. Allir frambjóðendur voru áður í stjórn félagsins.

Samþykkt var samhljóða að endurskoðunarskrifstofan KPMG ehf., kt. 590975-0449, verði endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár.

**7) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum (dagskrárliður 8)**

Fyrir fundinum lá tillaga frá Gildi-lífeyrissjóð um niðurfellingu núverandi heimildar stjórnar til kaupa á eigin bréfum og ákvörðun á nýrri heimild. Tillagan var samþykkt samhljóða og hljóðar nú svo:

*Aðalfundur Haga hf. þann 4. júní 2015 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli sömu ákvæða. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma.*